

**Nd. 453. Frumvarp til laga [176. mál]**

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Aftan við 6. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Menntamálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánar á um starfssvið í reglugerð. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi í samræmi við samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 20. júlí 1967 um nýskipan félagsmála í Reykjavík. Samþykkt borgarstjórnar er prentuð, sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Fyrst um sinn annast barnaverndarnefnd Reykjavíkur úrskurði um vistun og forræði barna, veitir umsagnir um ættleiðingarbeiðnir og hefur á hendi ýmiss konar eftirlit, t. d. með uppeldisstofnunum, vinnu barna og ungmenna og skemmtunum barna.

Gert er ráð fyrir, að nánari ákvæði um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar verði sett í reglugerð.

## Fylgiskjal.

### Samþykkt fyrir félagsmálaráð Reykjavíkurborgar.

#### 1. gr.

Félagsmálaráð Reykjavíkurborgar er svo skipað, að í því eiga sæti 7 menn: Borgarstjóri eða fulltrúi hans og er hann jafnframt formaður, og 6 menn kosnir hlutfallskosningu af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Kjörtímabil félagsmálaráðs er hið sama og borgarstjórnar. Borgarstjórn getur leyft, að flokkur, sem á fulltrúa í borgarstjórn en ekki kjörinn fulltrúa í félagsmálaráði, megi tilnefna fulltrúa (varafulltrúa) til að sitja fundi með málfrelsi og tillögurétti.

#### 2. gr.

Félagsmálaráð skal samræma félagsmálastarfsemi Reykjavíkurborgar og framkvæma eftirtalin verkefni:

1. að vera stjórnarnefnd Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og hafa eftirlit með henni og öðrum stofnunum borgarinnar, sem að félagsmálum vinna,
2. að eiga frumkvæði að eflingu félagsmálastarfs í Reykjavík og gera áætlanir um uppbyggingu félagsmálastarfsemi borgarinnar, þar með talin bygging einstakra stofnana,
3. að gera áætlanir um starfsliðspörf og menntun starfsmanna svo og gera tillögur um ráðningu einstakra starfsmanna félagsmálastofnunarinnar,
4. að skipa nefndir til að fjalla um einstaka þætti félagsmála og setja þeim reglur,
5. að vera borgarstjórn og borgarstofnunum til ráðuneytis um félagsmálefni,
6. að gera tillögur að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar að því er tekur til félagsmála,
7. að setja leiðbeiningarreglur fyrir starfsmenn um meðferð mála,
8. að taka ákvörðun í málum einstaklinga og fjölskyldna, sem aðstoðar félagsmálastofnunar leita,
9. að fara að öðru leyti með önnur verkefni, sem því eru falin í lögum eða af borgarstjórn.

#### 3. gr.

Félagsmálaráð skal halda fund að jafnaði einu sinni í viku. Heimilt er að fella niður annan hvorn fund að sumarlagi. Aukafund skal halda, ef formaður ráðsins ákveður eða tveir félagsmálaráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega.

Dagskrá félagsmálaráðsfunda skal send ráðsmönnum daginn fyrir fundi. Frá þessu má víkja, ef óhjákvæmilegt er að boða til fundar fyrirvaralítið.

Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarstjórnar jafnóðum.

Um fundarsköp fer eftir sömu reglum og gilda um borgarstjórn eftir því, sem þau geta átt við.

#### 4. gr.

Á sviði félagsmála Reykjavíkurborgar starfa, auk félagsmálaráðs, tvær lögskipaðar nefndir:

- a. barnaverndarnefnd.
- b. áfengisvarnarnefnd.

Ráðherra ákveður með reglugerð starfssvið og verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og nefnda þessara.

#### 5. gr.

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar fer með framkvæmd á ákvörðunum félagsmálaráðs. Skal sérstök stjórnunar- og skrifstofudeild annast stjórnun og þau önnur störf, sem almenn teljast, en undirdeildir fara með mál einstakra aðila.

6. gr.

Félagsmálastjóri stjórnar daglegum störfum félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og skiptir störfum og verkefnum milli starfsmanna.

Félagsmálastjóri skal mæta á fundum félagsmálaráðs, en er heimilt að mæta á fundum annarra félagsmálanefnda með tillögurétti og málfrelsi.

Nánari ákvæði um stöðu félagsmálastjóra skulu sett í sérstöku erindisbréfi.

7. gr.

Höfuðmarkmið allrar félagslegrar aðstoðar skal í því fólgið að gera mönnum kleift að sigrast á erfiðleikum og verða sjálfbjarga. Skal þetta jöfnum höndum gert með upplýsingum og ráðgjöf sem þætti í almennu varnaðarstarfi og aðstoð í einstökum tilfellum.

Félagsmálaráð skal stefna að því, að hafa til umræða stofnanir þar sem veitt er félagsleg aðstoð og starfi þar sérmenntað starfsfólk svo sem frekast er unnt.

8. gr.

Aðili, sem ekki vill hlíta ákvörðunum félagsmálaráðs, getur skotið þeim til borgarstjórnar og eftir atvikum til annarra stjórnvalda lögum samkvæmt.

9. gr.

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim, sem hefur fengið vitneskju um einkamál vegna starfa við félagsmálastofnunina eða í félagsmálanefndum og ráðum á vegum Reykjavíkurborgar.

10. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1968.